

20. Framvarp

til laga um eftirlit með verksmiðjum og vjelum.

(Lagt fyrir Alþingi 1928).

I. kafli.

Svið laganna.

1. gr.

Undir lög þessi falla verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar, þar sem nokkrir menn vinna saman að jafnaði og talið verður, sbr. 3. gr., að lög þessi eigi að taka til, svo og eimkatlar og vjelar, sbr. III. kafla laganna.

2. gr.

Sjorbver, sem fyrir eigin eða annara reikning stjórnar fyrirtæki, sem um ræðir í 1. gr., eða iðju, sem rekin er með vjelum knúðum eimi, vatni,

vindi, oliu, rafmagni eða annarskonar orkugjafa, skal tilkynna skoðunarmanni fyrirtæki þetta, tegund þess, orkugjafa og stærð, tölu verkamanna, aldur þeirra og kyn, og láta í tje þær skýrslur, er sýna hvernig fyrirtækinu er háttað. Þau fyrirtæki sem til eru þegar lög þessi ganga í gildi, skal tilkynna innan 30 daga frá þeim tíma.

Nú rekur ríkið, sýslu- eða sveitarfjelag fyrirtæki, sem fellur undir lög þessi og getur þá atvinnumálaráðherra úrskurðað slíkt fyrirtæki undanþegið eftirliti skoðunarmanns, ef trygging er fyrir því, að fylgt sje öllum heilbrigðis- og öryggisráðstöfunum, sem lög þessi greina.

3. gr.

Skoðunarmaður tilkynnir stjórnanda fyrirtækis, með rökstuddum úrskurði, hvort það fellur að öllu eða nokkru leyti undir lög þessi. Nú vill hann ekki una þessum úrskurði og má hann þá innan 30 daga skjóta honum til atvinnumálaráðherra, er leggur á málið fullnaðarúrskurð.

Skoðunarmaður og stjórnandi fyrirtækis geta, hvor fyrir sig, hvenær sem er síðar, krafist úrskurðar atvinnumálaráðherra um, hvort fyrirtæki skuli falla undir lögin eða verða undanþegið þeim.

II. kafli.

Tilhögun á vinnustöðum.

4. gr.

Sjerhver, sem ætlar að reisa eða reka verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, getur krafist umsagnar skoðunarmanns um hvort hið fyrirhugaða skipulag komi í bága við lög þessi eða reglugjörðir settar samkvæmt þeim. Í þessu skyni skal hann láta í tje sundurliðaða greinargjörð með nægilegum uppdráttum yfir allt fyrirkomulag vjela og húsakynna, eftir því sem skoðunarmaður kann að krefjast.

Nú vill hlutadeigandi ekki una úrskurði skoðunarmanns og getur hann þá krafist yfirskoðunar og fer um hana eins og segir í 20. gr.

5. gr.

Verksmiðjum, verkstæðum og vinnustöðvum, sem lög þessi taka til, skal haga þannig, að líf, heilsa og limir verkamanna við vinnu og dvöl á vinnustaðnum, sje tilblýðilega verndað. Stigar skulu traustir og greiðir og útgöngudyr tálmausar.

6. gr.

Vinnustofur í verksmiðjum og verkstæðum, sem gerð eru eftir að lög þessi ganga í gildi, mega ekki lægri vera undir loft en 2,5 m. Atvinnumálaráðherra ákveður hvort þessi regla skuli einnig gilda um verksmiðjur og verkstæði sem áður eru reist.

Við vinnu skal hver verkamaður hafa 8 rúmmetra loftrúm hið minsta.

Loftrásir, vjelknúðar ef nauðsyn krefur, til þess að veita inn hreinu lofti, skulu vera í öllum vinnustofum.

Stór suðu- eða bræðslulát, svo og ilát með hættulegum efnum, skulu girt eða varin, svo að verkamenn falli eða gangi ekki ofan í þau.

Vinnustofur og aðrar vistarverur verkamanna skulu vera þannig, að auðvelt sje að gæta hreinlætis, reglusemi og hollustuhátta.

7. gr.

Við vinnu í vinnustofum skal birta vera nægileg og tryggilega búið um lýsingartæki. Í lokuðum vinnustofum skal upphitun vera nægileg og fara eftir því hver vinna er stunduð.

8. gr.

Verkamenn skulu eiga kost á að neyta matar síns undir þaki. Þar sem hollustuhættir krefjast, að ekki sje matast í vinnustofunni, skal verkamönnum fengið annað húsrúm til afnota um máltíðir.

9. gr.

Um tilhögun, starfsháttu og önnur atriði, sem greinir í þessum kafla, setur atvinnumálaráðherra nánari fyrirmæli í reglugerð eða reglugerðum fyrir hvert einstakt fyrirtæki eða flokk fyrirtækja.

Nú lúta ákvæði reglugerðar að hibýlaskipun, og ber þá að taka tillit til hversu hana megi framkvæma, án þess að íþyngja um of fyrirtæki, sem rekið er þegar lög þessi öðlast gildi.

Við samning reglugerðar ber að leita álits hlutaðeigandi vinnuveitanda og verkamanna eða atvinnufjelagsskapar hvors um sig.

III. kafli.

Um eimkatla og vjelar á landi.

a. Örgggi.

10. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til eimkatla á landi og allra vjela, ef notkun þeirra getur orsakað hættu á lífi, limum og heilbrigði þess, er gætir þeirra eða sem er í nánd við þær, nema sjálfskaparviti sje. Til vjela teljast, aflvjelar knúðar eimi, vatni, vindi, gasi, steinolíu, bensini, rafmagni eða öðrum orku-gjafa, og vjelar sem settar eru í hreyfingu af aflvjel, þar með talinn búnaður allur, svo sem hjól, reimar og eimrásir, og þess háttar, til að flytja orku frá einni vjel til annarar, eða einum vjelarhluta til annars.

Eimketill er hvert það ilát eða pipukerfi þar sem vökvi er hitaður í það mikið, að eimþrýstingur hans sje meiri en þrýstingur andrúmsloftsins.

11. gr.

Sjerhver vjel og eimketill, allur búnaður þeirra og undirstöður, skal vera fulltraust.

Girðingar og hlifar skulu settar um hjól, ása, reimar og alla ganglimi, er mönnum stafar hætta af að nálgast. Lok eða ristar skulu settar yfir brunna, grópir í gólf, þrær og því um líkt. Girðingar skulu vera um palla og stiga.

Vjelar skulu þannig settar og katlar, að nægilegt sje gangrúm og vinnurúm umhverfis. Verði ekki nægilegu gangrúmi viðkomið skal þar vera girt.

Rafmagnslagnir skulu gerðar samkvæmt reglugerðum, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki.

Þar sem síðar er talað í lögum þessum um eimkatla og vjelar er einnig átt við búnað allan og eimrásir.

12. gr.

Þannig skal um vjelar búið, að þær verði ræstar hættulaust fyrir alla, sem við þær starfa.

Nú eru fleiri vjelar knúðar orku frá einni aflstöð og skal þá búa svo um, að stöðva megi hverja vjel um sig þótt aflstöðin vinni.

Þar sem þarf að smyrja, hreinsa og líta eftir vjel á meðan hún starfar, skal búa svo um, að það verði geit án hættu.

Gæta skal þess, að gólf, þrep eða pallar í námunda við vjelar og katla, þar sem unnið er eða gengið um, verði ekki hált vegna olíu eða annars.

Birta skal vera svo góð í vjelarúmi, sem menn vinna í, að allir hreyfilegir hlutar vjelarinnar, sem hætta getur stafað af, sjáist greinilega.

13. gr.

Heimilt skal atvinnumálaráðherra að gera vægari kröfur en lög þessi annars ákveða til eimkatla með lágþrýsting og eimkatla úr sjerstöku efni eða af sjerstakri gerð, svo fremi ákvæðum laga þessara verður ekki viðkomið án mikilla vandkvæða eða kostnaðar, en þó skal þess gætt, að öryggi þeirra sje jafnan fulltrygt,

14. gr.

Grafvjelar, fallhamrar og eimkatlar þeirra og aðrar slíkar vjelar á floti, sem ekki heyra undir ákvæði laga nr. 37, 1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, heyra undir ákvæði þessara laga.

b. Gæsla.

15. gr.

Sá einn hefir rjett til gæslu eimkatla, sem hefir vjelstjóraþróf eða leggur fram vottorð frá nefnd þriggja manna, sem atvinnumálaráðherra til þess skipar, að hann hafi næga þekkingu á gæslu eimkatla og notkun heitvatnstækja, enda sje hann 18 ára og reglusamur.

Krefjast skal hins sama af þeim, sem gæta skal aflvjela, ef ráðherra að fengnum tillögum skoðunarmanns, telur þess þörf.

16. gr.

Sá, sem hefir gæslu eimketils á hendi, má ekki, meðan eldur er undir katlinum, vera utan þess herbergis, sem ketillinn er í, þannig að það hindri hann frá gæslu ketilsins að staðaldri.

17. gr.

Hvert fyrirtæki, sem notar vjel, sbr. 10. gr., eða eimketil, skal hafa eftirlitsbók, gegnumdregna, tölusetta og löggilta af lögreglustjóra.

Í bókina skal rita greinilega og skipulega og blað má ekki rifa úr henni og eigi afmá eða gera ólæsilegt það, sem skrifað hefir verið. Ef leiðrjetta þarf, skal það gert í athugasemd.

Í bók þessa skal rita hve margar klukkustundir ketill hefir verið notaður milli hreinsana, hvenæg hreinsaður, skoðaður eða við hann gert, ennfremur um galla, sem fram kunna að koma við notkun hans, svo og hafi hann ekki verið notaður um skemri eða lengri tíma.

Að lokinni aðal- eða aukaskoðun á eimkatli eða vjel, skal um árangur skoðunarinnar rita í eftirlitsbókina ásamt athugasemd um hirðingu ketilsins eða vjelarinnar og fyrirskipanir skoðunarmanns um viðgerðir þær og endurbætur, sem hann telur nauðsynlegar og skal hann jafnframt kveða á um frest til að koma þessu í lag, og undirskrifa gerðina.

c. Skoðun.

18. gr.

A. Um skoðun á katli skal beðið, sbr. 2. gr.:

- a) Áður en hann nýsmíðaður er tekinn til notkunar.
- b) Eftir aðalviðgerð, og
- c) eftir flutning, þó eru farandkatlar undanskildir.

Hver sem verður eigandi að farandkatli, sem lög þessi taka til, skal tilkynna það skoðunarmanni. Eiganda ber og að tilkynna hvar ketillinn sje, þegar skoðunarmaður æskir þess.

Hafi hliðar eimketils við notkun, vegna vatnsleysis eða af öðrum ástæðum, orðið fyrir verulegri aflögun eða glóhitun, skal eigandi eða notandi hans þegar í stað tilkynna það skoðunarmanni, og má þá ekki nota ketilinn fyr en skoðun hefir farið fram og fengið er leyfi til þess.

Aðalskoðun á katli fer fram:

- 1) Í þeim tilvikum, sem getið er undir stafl. a–c, og
- 2) fjórða hvert ár miðað við síðustu aðalskoðun.

Við aðalskoðun skal ketillinn vandlega skoðaður utan og innan, og þess gætt að ákvæðum 11. gr. um smíði og búnað sje fullnægt og skal hann þrýstireyndur æski skoðunarmaður þess.

Aukaskoðun skal fara fram milli aðalskoðana svo oft sem ástæða þykir til.

B. Skoðun á vjelum skal fara fram áður en þær nýsmiðaðar eru teknar til notkunar, en að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra reglur eftir því sem þurfa þykir.

19. gr.

Eiganda eða notanda eimketils eða vjelar er skylt að láta skoðunarmanni í tje alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina.

Nú sannast við skoðun eimketils, að sjerstök hætta stafi af notkun hans framvegis, og getur þá skoðunarmaður bannað hana þar til yfirskoðun hefir farið fram, er votti að ketillinn sje fulltryggur til notkunar. Ákvæði þessi gilda og um vjelar. Hjer umrætt bann má vera munnlegt, en innan þriggja daga skal það staðfest og rökstutt skriflega.

Nú verður gæslumaður áskynja, að galli sje á eimkatli eða vjel, og er honum þá skylt að tilkynna eiganda eða notanda og verði ekki úr gallanum bætt tilkynna það skoðunarmanni við næstu skoðun.

20. gr.

Eigandi eða notandi eimketils eða vjelar getur krafist yfirskoðunar á þeim. Yfirskoðun framkvæma 3 sjerfróðir menn, sem til þess eru skipaðir af lögreglustjóra.

Yfirskoðunarmenn skulu láta lögreglustjóra í tje skýrslu um skoðunina. Staðfesti yfirskoðunarmenn ekki hina fyrri skoðun í öllum greinum, skulu þeir skýra frá hver atriði hennar þeir fallast á, og hverjum þeir breyta.

Verði ágreiningur milli yfirskoðunarmanna, ræður afl atkvæða. Úrskurður yfirskoðunarmanna er fullnaðarúrskurður.

21. gr.

Skoðunarmönnum skal frjáls aðgangur að öllum rúmum, þar sem vjelar, eimkatlar og annað þeim tilheyrandi er, eða rúmum, sem eimi er veitt í.

Það er skylda skoðunarmanna að sjá um, að skoðanir þær, sem umgetur í 18. gr., sjeu framkvæmdar svo fljótt sem verða má.

22. gr.

Atvinnumálaráðherra setur nánari reglur um smiði og búnað eimkatla og vjela og um gæslu þeirra, svo og hverjar vjelar sjeu eftirlitsskyldar og katlar, og hvernig skoðun og eftirliti skuli hagað.

IV. kafli.

Ýmisleg ákvæði.

23. gr.

Eftirlit með verksmiðjum og vjelum er undir yfirumsjón atvinnumála-

ráðherra, er skipar svo marga skoðunarmenn, sem þurfa þykir; skulu þeir skipaðir til 4 ára í senn og vera valinkunnir og óvilhallir menn, og svo vel til starfans fallnir, sem frekast eru föng á. Áður en þeir taka til starfa skulu þeir undirrita drengskaparheit um, að þeir skuli inna starf sitt af hendi samviskusamlega.

Skoðunarmenn eiga rjett á þóknun fyrir starfa sinn samkvæmt gjaldskrá, sem atvinnumálaráðherra setur. Þóknunina greiði eigandi ketils eða vjelar og má taka hana lögtaki. Þurfi skoðunarmaður að takast ferð á hendur vegna skoðunar, skal ferðakostnaður hans greiddur úr rikissjóði.

Kostnað við yfirskoðun borgar beiðandi að öllu leyti.

24. gr.

Skoðunarmaður skal leita aðstoðar hjeraðslæknis þegar um heilbrigðisráðstafanir er að ræða, svo getur skoðunarmaður fengið sjer aðstoð sjerfræðinga um önnur atriði, sem liggja fyrir utan svið sjerþekkingar hans.

25. gr.

Ef slys, er veldur dauða eða verulegu áfalli, ber að höndum í verksmiðju, á verkstæði eða vinnustöð, eða við ketil eða vjel, sem lög þessi taka til, ber þeim, er þá stjórnar fyrirfækinu tafarlaust að tilkynna það lögreglunni. Telji hún, að brot á fyrirmælum þessara laga eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim, sje sök í slysinu, skal hún kveðja skoðunarmann til, er þá skal, að ósk Slysatryggingarinnar, gefa henni nákvæma skýrslu um atvik öll að atburðinum.

26. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim varða sektum frá 20—2000 kr., nema þyngri hegning liggvi við að lögum. Sektirnar renna í rikissjóð.

27. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum settum samkvæmt þeim skal farið sem almenn lögreglumál.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. okt. 1928.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta þingi var í Neðri deild samþykkt þingsályktun þar sem skorað var á stjórnina að leggja fyrir Alþingi nú frumvarp til laga um öryggis- og heilbrigðisefartilrit með verksmiðjum. Stjórnin hefir tekið þessa áskorun til greina með frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir.

Hjá nágrannaþjóðum vorum, þar sem iðnaður er gömul og margþælt at-

vinnugrein, hefir fyrir alllöngu síðan komist á lögboðið eftirlit með verksmiðjum, og hjá oss er iðnaður kominn á það stig, og notkun vjela á landi það almenn, að einsætt er, að opinbert eftirlit á að vera með því, að líf og heilsa verkamanna sje sem best trygt. Það getur þó orkað nokkurra tvímæla hve löggjöf vor á þessu sviði á að vera yfirgripsmikil og nákvæm.

Við samning frv. þessa, sjerstaklega við I. og II. kafla, er höfð hliðsjón af dönsku verksmiðjulögum frá 1913, en sá kostur er tekinn, að marka höfuðlínurnar á líkan hátt og gert er í lögum nr. 37/1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra. Til fyllingar lögum og innan ramma þeirra er ætlast til, að settar verði reglugerðir í einstökum greinum, sniðnar eftir hógum og þörfum vorum.

Í III. kafla frv. er lagt til grundvallar frv. til laga um eftirlit með eimkötum og vjelum á landi, sem nefnd, er Verkfræðingafjelag Íslands hafði sett 1924, hafði samið, en V. Í. sent stjórninni í okt. 1926 með tilmælum um, að hún legði fyrir þingið 1927, sem ekki varð af. Frv. V. Í. var bygt á dönskum lögum um eftirlit með eimkötum á landi frá 1919, en að miklu leyti sniðið eftir áður nefndum lögum nr. 37/1922. Verkfræðingafjlagið hefir nú látið stjórninni í tje aðstoð sína við samningu þessa frumvarps, með því að hr. rafmagnsstjóri Steingrímur Jónsson, formaður fjelagsins, hefir að henni unnið.

Um titil laganna skal það tekið fram, að í honum er greint annað höfuðatriði þeirra, eftirlit með verksmiðjum, en á hinn bóginn að eins nefndar vjelar, því að vjel í viðari skilningi tekur einnig yfir eimkatla. Langir lagatitlar eru ætið hvimleiðir.

Um einstök atriði skal þetta tekið fram:

Um I. kafla.

Í þessum kafla er afmarkað svið laganna. Öll fyrirtæki, sem þar eru greind, eiga eftir eðli sínu að vera eftirlitsskyld og þess vegna ber að tilkynna þau öll. En til þess að takmarka eftirlitið og að ekki verði unntð óþarft eftirlitsstarf, er það látið undir úrskurð stjórnarvalda hver fyrirtæki og vjelar sjeu eftirlitsskyldar.

Um 1. gr.

Það þykir ekki þurfa að skilgreina þau hugtök, er greinin ræðir um, en samkv. slysatryggingarlögum er verksmiðja talið annað en verkstæði, enda mun það og styðjast við málvenju, og vinnustöð fellur undir hvorugt hinna, enda tekur það orð yfir útivinnustöð og mun sjerstaklega eiga við vinnu undir beru lofti.

Ætlast er til að eftirlitsskylda geti hvílt á öllum þessum fyrirtækjum, þar sem 3 menn — »nokkrir« — hið fæsta vinna saman að jafnaði. Um vjelar gildir þetta ekki. Í byrjun má gera ráð fyrir, að mörg fyrirtæki verði undanþegin eftirliti, en eftir því sem iðnaður vex í landinu og nú starfandi fyrirtæki færa út kvíarnar, fjölgar hinum eftirlitsskyldu fyrirtækjum.

Um 2. gr.

Fyrsta mgr. þykir ekki þurfa skýringar umfram það er áður er sagt um I. kafla og 1. gr., en þess skal að eins getið, að lengri en 30 daga tilkynningarfrestur fyrir starfandi fyrirtæki þykir ekki þurfa ef lögin ganga ekki í gildi fyrir en seint á árinu 1928.

Önnur mgr. er sett með tilliti til þess, að fyrirtæki, sem rekin eru af hinu opinbera, hafa oft sjerstaka aðstöðu til að rækja sjálf eftirlitið og hafa oft sjálf eftirlitsstarf innan síns verkahringis, svo sem rafmagnsstöðvar, sporbrautir, símar, vitar o. fl.

Um 3. gr.

Eftirlit bakar hverju fyrirtæki nokkurn kostnað og því verður að vanda sem best til úrskurðarvaldsins, og tryggja aðstöðu skoðunarmanns svo, að hann geti notið sín. Áfrýjun til atvinnumálaráðherra þykir veita hina gildustu tryggingu fyrir rjettri skýringu laganna eða reglugerðanna, sem hann setur sjálfur, en málefni þessi eru síður fallin til að vera dómstólamála. Hvernig sem úrskurður fellur á hann ekki að geta verið ósanngjarn gagnvart neinum aðila.

Um II. kafla.

Þessi kafli er um tilhögun á *vinnustöðum*. Þetta orð hefir viðtækari merkingu en vinnustöð, flt. vinnustöðvar. Þar sem undir það fellur verksmiðjur, verkstæði og vinnustöðvar.

Um 4. gr.

Greinin lýtur að því, að stjórnandi fyrirtækis eigi rjett á að fá sem fyrst vissu sína um það, hversu honum ber að gera fyrirtæki sitt úr garði. Rjett þykir að áfrýja megi úrskurði skoðunarmanns til yfirskoðunar, sem þá veitir fullnaðarúrslit.

Um 5.—8. gr.

Ákvæði þessara greina hafa að geyma grundvallaratriði um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir, og eru þar greind hin einstöku atriði, er gefa verður sjerstaklega gaum að, en verði öll nánara rakin og ákveðin í reglugerðum, sem settar verða samkv. 9. og 22. gr.

Um 9. gr.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að tillit verði að taka til fjárhagsástæðna eftir því sem unt er, og frestur veittur á kostnaðarsamri breytingu, er gera þarf til að koma tilhögun í löglegt horf.

Hags beggja aðila þykir best gætt með því að undirbúningi reglugerða sje hagað á þann hátt, sem 3. mgr. ákveður. Og miskliðarefni verða varanlegast útilokuð ef þannig er að farið.

Um III. kafla.

Sem almennar athugasemdir um þenna kafla þykir sjeitt að taka hjer upp ummæli í greinargerð fyrir frv. V. Í. sem áður er nefnt og hljóða svo:

»Viða um land, en þó sjerstaklega hjer í Reykjavík, eru til eimkatlar og ekki allfáir af þeim hafa svo háan þrýsting, að þeir geta valdið stórslysum sjeu þeir ekki hirtir eins og vera ber. Hve margir þeir eru er ókunnugt, en vitanlegt er að eitt vjelarverkstæði hjer hefir á seinni árum smiðað og sett upp milli 20 og 30 eimkatla, og frá útlöndum hafa verið fluttir hingað allmargir eimkatlar, en mest gamlir.

Nú er kunnugt að sumir þessara eimkatla hafa verið notaðir árum saman, án þess að nokkur sjeifræðingur hafi litið á þá, og hirtir af mönnum, sem eugin trygging er fyrir að sjeu til starfans hæfir. Er því full ástæða til að taka alla þessa katla undir eftirlit hins opinbera, eins og gert er í öllum öðrum löndum, til þess að forðast slys.

Hið sama má segja um ýmsar aflvjelar svo sem oliuvjelar, eimvjelar, gasvjelar o. fl. svo og margskonar vinnuvjelar svo sem trjesmiðavjelar, málm-smiðavjelar, frystivjelar o. fl. svo og útbúnað þeim tilheyrandi svo sem reimar og hjól. Eru sumar þessara vjela mjög hættulegar, þeim sem við þær starfa, einkum þegar þær eru settar upp í alt of litlu og óhentugu plássi svo sem sumstaðar á sjer stað hjer á landi. Margar þessara vjela eru gamlar orðnar og yfirleitt mun vera sá siður hjer að láta þessar vjelar ganga sjer til húðar með ljulegum útbúnaði og litlu viðhaldi, sökum þess að eftirlit með þeim vantar. Enda hafa þegar blotist nokkur slys af, bæði á limum og lífi . . . «.

Frv. V. Í. laut aðallega að kötlum, en í þessu frumvarpi eru vjelar teknar jafnhliða, en sá greinarmunur gerður í einstökum atriðum, sem við þykir eiga, og nánara verður gerð grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar.

Um 10. gr.

Í greininni er tiltekið hvaða vjelar falla undir lögin og eimkatlar. Hið síðara hugtakið er skilgreint, en hinu fyrra lýst svo, að ekki á að verða vafi um hverju skoðunarmanni ber að líta eftir.

Um 11. og 12. gr.

Þessar greinar eru uppistaðan í þeim ákvæðum, sem reglugerðir um öryggi katla og vjela eiga að fjalla um. Munu þau undirstöðuatriði, sem mestu máli skifta tekin fram í greinum þessum, en öll nánari ákvæði eiga að vera í reglugerðum.

Þessar greinar svara annars til 5.—8. gr. í II. kafla.

Um 13. gr.

Undanþáguheimild með tilliti til katla með lágþrýsting, er aðallega til þess að undanþiggja alla miðstöðvarkatla til upphitunar húsa hinni almennu reglu; ef þeir væru látnir falla undir hana yrði eftirlitið of viðtækt, enda hægt á kostnaðarminni hátt að hafa trygt eftirlit með öryggi þeirra.

Um 14. gr.

Vjelar, svo sem dýpkunarvjarlar í höfnum, skurðgröfur og aðrar vjarlar notaðar við vatnsvirkjun falla ekki undir lög nr. 37, 1922 og verða því að teljast með landvjarlum.

Um 15. og 16. gr.

Vjelstjórapróf, þar sem útheimtist þriggja ára verkleg æfing og tveggja ára bóklegt nám, á að vera nægileg trygging fyrir kunnáttu manns til að gæta eimketils. Önnur minni próf, svo sem hin alm. mótormannapróf, sem eru ekki nægileg til gæslu annara vjela, geta aftur á móti ekki talist næg trygging, og verður því maður með slíku prófi að fá vottorð eins og 15. gr. gerir ráð fyrir.

Um 17. gr.

Eftirlitsbók verður að telja sjálfsgæða. Annars þarf greinin ekki skýringu.

Um 18. gr.

Farandkatlar teljast katlar, sem eru á hjólum eða settir á vagna (Lokomobil), og til þess gerðir að vinna á ýmsum stöðum. Eigandi á að ábyrgjast ketil hvar sem hann er og er það í samræmi við lög um notkun bifreiða nr. 56, 1926, 16. gr.

Aðalskoðun verður að vera mjög vandlega af hendi leyst en þess þykir ekki þörf að ákveða það í lögum, að aukaskoðun fari fram árlega, en gert ráð fyrir að hún fari fram ár hvert á öllum stærri kötlum.

Vjelar eru svo margvislegar, að ekki þykir ráðlegt að setja í lög fasta skoðun á ákveðnu árabili allra vjela. Það sem mestu varðar er það, að vjel skuli ekki nýsmíðuð tekið til notkunar án skoðunar, og kemst hún við það undir það eftirlit, sem ástæða þykir til.

Um 19.—21. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringa.

Um 22. gr.

Hin víðtæka heimild atvinnuáráðherra til að kveða á í reglugerð um það, sem greinin tiltekur, er í samræmi við hugsun laganna eins og áður er lýst. Þykir þetta nauðsyn, til þess að gælt verði í einstökum atvörðum allrar hagsýni og eftirliti hagað eftir þörf og nauðsyn hvert eitt sinn.

Um IV. kafla.

Um kaflann sjálfan þarf ekkert sjerstakt að taka fram.

Um 23. gr.

Í byrjun greinarinnar eru að eins taldar verksmíðjur og vjarlar og er það í samræmi við titil laganna.

Hjer er útnefningartímabil skoðunarmanna sett 4 ár í samræmi við 1.

nr. 37, 1922, enda má búast við því, að víða verði sömu megn sem hafa skoðun á hendi samkvæmt hvorumtveggja lögnum. En þó er það vafamál hvort ekki væri rjett að láta útnefning skoðunarmanns gilda um óákveðinn tíma. Hætt við að skoðun verði ekki eins gaumgæfleg stundum hjá skoðunarmanni, sem býst við að láta af starfanum á næstunni. Æfing eflir færni skoðunarmannsins og útnefning til óákveðins tíma getur og stuðlað að sjálfstæði hans.

Skoðunarmenn eiga ekki að eins að vinna starf sitt vel, heldur mega þeir ekki í eiginhagsmunaskyni eða á annan hátt misbrúka þá þekkingu, sem þeir komast að í starfi sínu til tjóns fyrir aðila. — Ferðakostnað skoðunarmanns á að greiða úr ríkissjóði, sbr. 1., nr. 37, 1922.

Um 24. gr.

Ætlast er til að fyrirtækið sjálf beri einnig kostnað við þessa aðstoð, en upphæðin verður að vera samningsatriði í hvert sinn, nema fyrir hjeraðslækna, ef gjaldskrá þeirra kann að mæla sjerstaklega fyrir um svona verk.

Um 25. gr.

Þessi grein fer í sömu átt og 12. gr. 1. nr. 44, 1925 um slysatryggingar, en hjer er lögð skylda á herðar skoðunarmanni, sem á að vera sjerlega vitnisbær maður í svona tilfellum. Ef um brot á lögnum er að ræða tekur lögreglan málið í sínar hendur til frekari rannsóknar.

Um 26.—28. gr.

Greinarnar þurfa ekki skýringar. Þótt lögin öðlist gildi ákveðinn dag, geta þau þó ekki komið til framkvæmda fyr en allmlkill undirbúningur hefir farið fram, og í hverju hann er sólginn þykir ekki þurfa að fara hjer frekari orðum, en visa til laganna sjálfra um það.